

SKÓLARÁÐSFUNDUR Í NORÐLINGASKÓLA

Föstudagur 5. des. 2025 kl. 8:30

Dagskrá

- Staðan á bekkjarfulltrúastarfinu
- Skólastarfið framundan
- Samræmd stöðu- og framvindupróf í Matsferli
- Önnur mál

Mættir:

Skólinn: Aðalbjörg Ingadóttir, ritari fundarins og Helgi Rafn Jósteinsson.

Fyrir hönd kennara: Guðrún Sveinbjörnsdóttir og Helga Bogadóttir.

Fyrir hönd foreldra: Sara Dögg Johansen varamaður.

Fyrir hönd nemenda: Benedikt Óli Árnason.

Fyrir hönd grenndarsamfélags: Arna Hrönn Aradóttir.

Fyrir hönd starfsmanna: Arnar Snær Magnússon.

Fjarverandi: Hulda Gísladóttir og Erna Dís Gunnþórsdóttir fulltrúar foreldra, Aron Breki Adolfsson fulltrúi nemenda.

Foreldrasamstarf - bekkjarfulltrúastarf

Fulltrúi foreldra í skólaráði og skólastjóri greindu frá því að bekkjarfulltrúastarfið væri farið af stað, nokkur bekkjarkvöld hafa verið haldin, önnur í deiglunni og farsældarsáttmáli foreldra er kominn í gagnið hjá 1. og 2. bekk. Bekkjarfulltrúar 8. bekk stefna á foreldrafund eftir áramót til að gera farsældarsáttmála sín á milli. Þá vakti fulltrúi grenndarsamfélags athygli á ánægjulegri upplýsingamiðlunum um viðburði á vegum bekkjarfulltrúa og stjórnar foreldrafélagsins á fb-síðu félagsins en það er ein leið sem stjórnin nýtir til að vekja athygli á foreldrasamstarfinu. Rætt var um góða samvinnu skólans og foreldrafélagsins með að koma bekkjarfulltrúastarfinu af stað. Ræddar voru leiðir til að ná til allra foreldra þar sem sumir foreldrar innan einhverra árganga hafa ekki enn opnað aðgang sinn í Mentor fyrir póstsendingar milli foreldra og eru heldur ekki á fb- síðu árgangsins. Bekkjarfulltrúar hafa verið í sambandi við skólann með að ná til þessa hóps með því að tengiliðir skóla við bekkjarfulltrúa senda þessum einstaklingum póst með beiðni um að opna á sendingar í Mentor og senda þeim einnig tengla á fb-síður árganga. Rætt var einnig um að verkefnastjóri ísat- kennslu (kennslu í íslensk sem annað tungumál) mundi aðstoða með að koma þessum upplýsingum til skila ef aðrar boðleiðir ganga ekki.

Skólastarfið framundan

Rætt var um vel heppnaðar jólasmiðjur og jólaskólann sem er í undirbúningi. Samstarf foreldrafélaganna og íbúsamtaka gekk vel varðandi uppsetningu á jólaseríum. Skólinn bætti við lýsingu og jólatréð er komið upp. Stefnt á að halda jólaskólann 11. des. skv. skóladagatali nema veður hamli. Skólastarfið tekur mið af frágangi námsmats og verkefna inn í Mentor nú

Þegar líða tekur að annarskilum í janúar. Minnt var á ákvörðun um einföldun á birtingarmynd námsmatsins þar sem farið er úr tveimur kerfum í eitt þar sem einungis verður gefið í bókstöfum fyrir hæfniviðmið en ekki öðrum kvörðum en þessar breytingar voru kynntar á námskynningum með foreldrum í haust og er einnig að finna á heimasíðu skólans.

Þá var rætt um skólaþróunarvinnu kennara um gæði kennslu sem gengur vel að koma af stað en kennarar fara í kennslu hvor hjá öðrum og leggja mat á kennslu út frá ákveðnum þáttum um gæði kennslu samkvæmt gátlistum sem kennarar hafa unnið undir handleiðslu sérfræðings í kennslufræðum.

Samræmd stöðu- og framvindupróf í Matsferli

Skólastjóri sagði frá nýju námsmatskerfi, Matsferli, á vegum menntayfirvalda. Hin hefðbundnu lesfímipróf í janúar fara fram í gegnum þetta nýja kerfi og samræmd stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði í mars. Fyrirlagnartími prófanna spannar heilan mánuð og því geta skólar lagt þau fyrir nemendur þegar hentar í skólastarfi hvers skóla. Prófin eru fyrst og fremst hugsuð til að ná utan um námslega stöðu hvers nemanda í þessum grunngreinum þannig að hægt verði að nota niðurstöður markvisst til að greina hvað gengur vel og skipuleggja hvað má betur fara í kennslu og námi til að nemandinn nái sem bestum árangri. Nemendum í 4. -10. bekk er skylt í ár að taka prófin til að ná stöðumati á öllum nemendum og síðan er í deiglu að nemendum í 4., 6. og 9. bekk verði skylt að taka prófin. Skólar fá niðurstöður fyrir sinn skóla og samanburð við landsmeðaltal. Niðurstöður eru ekki hugsaðar sem einkunnir eða mat fyrir inngöngu í framhaldsskóla. Niðurstöður eru sendar til skólanna undir vorið og foreldrar fá þær einnig. Sagt var frá því að skólahaldið eftir áramót tæki töluvert mið af því að kennarar væru á námskeiðum til að setja sig inn í þessar breytingar.

Önnur mál

Skólastjóri lagði til að skólaráðsfundur í byrjun janúar yrði felldur niður m.a. vegna þess að ekkert annað lægi fyrir í skólastarfinu í janúar en undirbúningur námsmats vegna annarskila og einnig að skólastjóri yrði í leyfi. Tillagan var samþykkt. Næsti fundur ráðsins er því fimmtudaginn 5. febrúar skv. fundaplani skólaráðs (ekki á föstudeginum 6. febrúar þar sem þá er starfsdagur og því engin skóli hjá nemendum).

Fundi slitið um kl. 9:30 og skólaráðsfulltrúum boðið að ganga um skólann og inn á námssvæði til að skoða skólastarfið og upplifa jólastemninguna.